

Fundur stjórnar ÆSKP 29. júní 2018 í Neskirkju

Mætt: Eva Björk, Hjalti Jón, Ása Laufey og Daníel Ágúst. Einnig situr Sigurður Óskar fundinn.

Fundur hófst kl: 12:00

Gleðigangan

Hjalti er búinn að vera að þæla í hugmyndum. Hann vill halda í krossinn sem að við notuðum í fyrra, enda geggjaður í regnbogalitunum.

Hugsar um þemað: „Þið eruð ljós heimsins.“ Getum haft ljósashow með krossinum á pallinn.

Hvað kostar að fjöldaframleiða boli með tveimur setningum sem yrði dreift til þeirra sem labba með okkur í göngunni. Hægt að hafa þá í öllum regnbogalitum. Siggi ætlar að tjékka á hvað bolir myndu kosta.

Spurning hvað gæti verið gert til að fá fleiri til að mæta. Hægt er að gefa fleirum hlutverk, svo að fleiri munu mæta. Getum dreift mannakornum í göngunni. Getum valið einhverja ákveðna texta og prentað út sjálf.

Við viðurkennum að margir hafa notað Biblíuna til að kúga, en það er ekki okkar notkun eða túlkun. Biblían er okkar og við lesum kærleikan úr Biblíunni.

Mikilvægast er að mæta, vera sýnileg og taka þátt. Þetta er ákveðin yfirlýsing frá stjórn ÆSKP og því mikilvægt að stjórnin mætir vel. Það er sjálfsagt að kirkjan sé þarna og að kirkjan giftir samkynhneigða.

Halda fræðslu/undirbúnings/hittikvöldinu á föstudeginum þar sem að við komum saman og undirbúum gönguna. Getum farið í leik (t.d. CTF). Eva ætlar að sjá hvort að hún getur verið með hugvekju.

Hugmynd um að skreyta krossinn með prjónagraffíti í göngunni 2019. Þá myndum við biðja prjónahópa, presta, kirkjustarfsfólk, eldri borgarastarf, kvenfélög, o.s.frv. að prjóna eftir ákveðnu formi liti gleðigöngufánans. Þetta yrði verkefni sem byrjað yrði á um leið og starfið byrjar um haustið. Það þyrfti að vera verkstjóri til að halda utan um þetta og gera leiðbeiningar.

Það opnar fyrir skráningu í júlí. Siggi sér um það. Það þarf líka að redda pallbíl. Getum tjékkað á bílasölum.

Þurfum að hafa tónlist á bílnum.

Kristján Ágúst hannar auglýsingu fyrir okkur.

Alþjóðlegt leiðtoganámskeið

Haldið verður Alþjóðlegt leiðtoganámskeið. Pétur Björgvin mun koma og kenna á því. Hann ætlar að kenna mismunandi leiki.

Haldið 16.-19. ágúst.

Námskeiðið verður haldið á Úlfjótuvatni.

Það koma fimm Bretar, fimm Rúmenar og fimm Danir.

Við fáum styrk frá Evrópusambandinu fyrir þessu. Fáum uppihald fyrir 71 evru á dag.

Við höfum 10 pláss fyrir Íslendinga á námskeiðinu.

Námskeiðið er fyrir 18 ára og eldri.

Fundi lauk 13:30